

Leiðbeiningar fyrir Opus fjölskylda og þjóðskrá


Efnisyfirlit:

1. Uppsetning á forritinu
2. Stillingar og notkun
3. Sækja um aðgang að Þjóðskrá


1. Uppsetning á forritinu

Forritið er sótt af heimasíðu Opus á Íslandi sem er www.opusdental.is. Notið eftirfarandi slóð til að sækja forritið sem heitir **Opus fjölskylda og þjóðskrá**, http://www.opusdental.is/index.php/thjonusta/thjonusta_nidurhal_opusdental


Eftirfarandi þarf að gera á öllum þeim tölvum sem ætlað er að nota Opus fjölskyldu og þjóðskrár forritið. Ræsið **OpusFamily.msi** skrána sem sótt var á heimasíðu Opus.




Smellið á „Next“



Smellið á „Next“




Smellið á „Next“, ef viðvörðun kemur frá Windows um það hvort að það sé í lagi að keyra forritið samþykkið það þá.




Veljið „Close“, forritið er núna uppsett á tölvunni.

2. Stillingar og notkun


Til að ræsa forritið er tvísmellt á Opus fjölskylda og þjóðskrá „iconið“ sem er nú að finna á skjáboði tölvunnar.




Forritið fer þá að leita að netþjónum sem er með Opus gagnagrunninn.



Þegar hjólið hættir að snúast þá veljið þið rétta netþjóninn fyrir ykkar stofu.



Við það byrjar hjólið að snúast til að leita að gagnagrunninum á netþjónum. Þegar það hættir að snúast þá veljið þið réttan gagnagrunn fyrir stofuna ykkar.




Þegar það er búið getið þið smellið á „Prófa tengingu“ ef þið viljið. Ef allt er í lagi þá kemur grænt merki sem sýnir það. Smellið þá á „Vista“, við það opnast aðalmynd forritsins og ef Opus er í gangi þá tengir það sig við Opus.



Nafn	Ald	Tími	Eftirlit	Staða
Sigurveig Halldórsdóttir	51			
Hermann Haukur Aspar	51	14.11.2018		339.633 kr
Stígur Hermannsson Aspar	16			69.757 kr
Þórir Hermannsson Aspar	12			14.710 kr


Í þessari skjámynd sést fjölskylda þess sjúklings sem valinn er í Opus, með þeim upplýsingum sem glugginn gefur í skyn. Hér er hægt að tvísmella á einstakling til að velja hann í Opus. Eða stofna ef um er að ræða nýjan einstakling fyrir Opus.

Hægt er að láta gluggann fara niður á „taskbar“ með því að halda inni „Alt“ hnappinum á lyklaborðinu og smella svo á „Space bar“. Sé það gert aftur þá birtist glugginn aftur á sinn stað á skjámyndinni. Þetta er stillt með því að hægri smella á litla Opus fjölskyldu og þjóðskrár „iconið“ í „Notification area“ í Windows.




Þar er smeltt á „Flýtylkil“ og viðeigandi flýtylkil valinn til að setja forritið upp eða niður eftir hentileyka.

Hér er líka hægt að smella á „Stillingar þjóðskrá“ til að setja inn aðgangsorðið sem fengið er frá Ferli til að leita að uppfæra fjölskylduupplýsingar frá þjóðskrá.



Þegar kennitala er sleginn hér inn og smeltt er á hnappinn „Sækja úr þjóðskrá“ tengir forritið sig við gagnagrunn hjá Hagstofunni og sækir upplýsingar þar um alla fjölskyldu þess einstaklings sem spurt er um. Þessar upplýsingar eru svo afritaðar inn í Opus svo ekki þurfi að gera þessa leit aftur.



3. Sækja um aðgang að þjóðskrá

Umsókn um aðgang að þjóðskrá er gerð á netinu. Farið er inn á vef þjóðskrá Íslands www.skra.is og smellt þar efst uppi á „UMSÓKNIR“. Þar leitið þið að umsókn 803, Aðgangur að þjóðskrá – uppfletti hjá miðlara.

Til að opna eyðublaðið er best að nota rafræn skilríki. Hver sem er getur það þar sem viðkomandi skrifar upplýsingar um sig en sækir svo um fyrir hönd kennitölu fyrirtækisins. Fylla þarf út allar stjörnumerktar upplýsingar.

Þegar kemur að liðum 3, 4 og 5 þá þarf að fylla þá út eins og gert er hér fyrir neðan.

3. Aðgangur sem sótt er um

Sótt er um aðgang að eftirfarandi upplýsingum: *

- Hjúskaparstaða Kennitala maka Fjölskyldunúmer Kyn
 Lögheimili í nefnifalli Lögheimiliskóði Horfinnaskrá Utangarðsskrá

4. Röksemdir

Umsækjandi færir rök fyrir umsókn um viðbótarupplýsingar *

Þurfum fjölskylduupplýsingar til að geta skráð foreldra og börn saman í kerfið hjá okkur!

5. Samningur við miðlara

Óski umsækjandi eftir aðgangi að viðbótarupplýsingum úr þjóðskrá þarf sérstakt samþykki Þjóðskrár Íslands. Miðlurum ber að leita samþykkis hjá Þjóðskrá Íslands áður en opnað er fyrir aðgang að þjóðskrá með viðbótarupplýsingum.

Eftirtalin fyrirtæki eru með miðlarasamning við Þjóðskrá Íslands (velja skal einn): *

- Advania
 Creditinfo
 DK hugbúnaður ehf.
 Ferli ehf.
 Já
 TM Software

Að lokum er smellt á „Send“, Ferli mun svo senda í tölvupósti aðgangsorðið sem er notað til að setja inn í forritið eins og lýst var hér á undan. Eftir það er hægt að uppfæra fjölskylduupplýsingar frá þjóðskrá Íslands.